



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

„Allt orkar tvímælis er gert er“ Samvinnunám í Brennu-Njáls sögu

Hjördís Alda Hreiðarsdóttir og Sigurrós Erlingsdóttir
Menntaskólanum við Sund

Menntun til framtíðar – Ráðstefna um rannsóknir og nýbreytni í framhaldsskólum
20. september 2019



Hvers vegna samvinnunám í Njálu?

- Viljum fá nemendur til að kafa dýpra í söguna.
- Efla frumkvæði, sjálfstæði og virkni meðal nemenda.
- Breytt kerfi í MS.
- Áhersla á kennsluhætti sem krefjast virkni og ábyrgðar nemenda.





Samvirkt nám (e. cooperative learning)

- Byggt á útfærslu Guðrúnar Pétursdóttur (1999) á samvinnunámi í fjölbreyttum nemendahópi (SAFN).
- Hópastarf yfir nokkrar vikur þar sem nemendur vinna alltaf í sömu hópum
 - Kennari velur í hópana.
 - Blandaðir hópar en ekki getuskiptir.
 - Blandaðir hópar vænlegri til ávinnings en getuskiptir skv. Hattie og Clarke (2019).

Allir geta eitthvað – enginn getur allt.


Skipuleggjandi (1)	Kynnir (2)	Fundarstjóri (3)	Efnisaflari (4)	Tímavörður og hvetjari (5)
Skipuleggur vinnuna, gætir þess að allir skilji verkefnið og passar upp á að hlustað sé á alla.	Ræðir við hópinn um niðurstöðurnar og skrifar þær. Kynnir hópinn í lokakynningunni.	Sá eini sem má kalla eftir aðstoð kennara. Sér til þess að allir haldi sig við vinnuna en fari ekki að gera annað.	Ábyrgur fyrir efni sem er notað við verkefnið og sá eini sem má standa upp og ná í efni sem til þarf. Raðar efni vandlega í möppuna og skilar í lokin.	Passar upp á tímaáætlun og að enginn þáttur verksins verði útundan vegna tímaskorts. Hvetur alla til að leggja sig fram og hrósar.
Jón	Gunn	Siggi	Anna	Björn
Björn	Jón	Gunn	Siggi	Anna
Anna	Björn	Jón	Gunn	Siggi
Siggi	Anna	Björn	Jón	Gunn
Gunn	Siggi	Anna	Björn	Jón



Útfærslan: Þemaverkefni úr Njálu

Unnið með nokkra kafla í hvert sinn út frá þemum sem tengjast þjóðfélagsmynd á tímum Njálu:

1. Samskipti, persónur og stéttir
2. Mannlýsingar og frásagnaraðferð
3. Samfélagsgerð og staða kvenna
4. Forspár og framtíðarsýn
5. Vígaferli, lög og reglur





Upplýsingaspjöld

- Hverju þema fylgir upplýsingaspjald sem er alltaf eins, óháð þeim köflum sem eru undir.
- Á upplýsingaspjöldunum er texti úr fræðiritum sem tengjast þeim um og eiga nemendur að setja þá í samhengi við kaflana hverju sinni.

Forspár og vísanir fram í tímann

„Bendingar fram í tímann eru margvíslegar í Íslendingasögum og gegna fleiri hlutverkum en að varpa ljósi á sálarlíf fólks og veita skilning á þeirri atburðarás sem það tekur þátt í. Mest fer fyrir spádómum, draumum og fyrirburðum fyrir utan viljayfirlýsingar eða ályktanir dregnar af aðstæðum með heilbrigðri skynsemi, sem vitaskuld er mikið af en ekki er hægt að segja að einkenni þessa grein frásagna sérstaklega. /.../ Einna algengast er að mönnum sé sýnt fram í tímann í draumi. Oft dreymir menn fylgjur andstæðinga, og er það angi af ævaforntri þjóðtrú, ekki síst ef fyrirsát eða árás er í vændum. Miklu bókmenntalegri svipur er yfir draumum sem kalla má að séu forspæglun flókinnar atburðarásar og jafnvel heillar sögufléttu. /.../ Forspár menn koma allvíða fyrir í sögum, og er stundum ekki gott að greina á milli hvenær þeir spá með tilstyrk mannþekkingar og vitsmuna og hvenær með hjálp yfirnáttúrulegra hæfileika.“ (bls. 56-57)

„Í Njálu er afar mikið af forspám og fyrirburðum enda er Njáll forvitri. Hugmyndir um það hvernig menn geti séð fyrir ókomna atburði eru nátengdar fornri forlagatrú: maðurinn er leiksoppur forlaga sem hann fær ekki við ráðið. Slík forlagatrú er sameiginleg flestum harmleikjum og á sér vitaskuld rætur fyrir kristni /.../ Skýrasta dæmið um vanmátt mannsins gagnvart örlögum eru ráð Njáls. Þau verða einnig til að flýta fyrir því sem hann reynir að afstýra.“ (bls. 140)

Vésteinn Ólason. 2006. „Íslendingasögur og þættir.“ Ritstjórn Vésteinn Ólason, *Íslensk bókmenntasaga II*, bls. 25-163, Reykjavík, Mál og menning.

„Höfundar Íslendingasagnanna kunna ýmis ráð til að halda lesendum spennnum. Þeir gefa til dæmis vísbendingar um hvað muni gerast síðar í sögunni. Yfirleitt birtast þessar vísbendingar þannig að einhvern dreymir merkilegan draum sem klókur maður er fenginn til að ráða. Þær geta líka falist í því að einhver sér fram í tímann þótt hann sé glaðvakandi. Þá birtast ýmis ták ein og rennandi blóð og dauð dýr sem eiga að benda til skelfilegra atburða. Algengt er að svona forspá sé sett fram í vísu og stundum er hún á hálfgerðu dulmáli til þess að halda spennunni“

Brynhildur Þórarinsdóttir. Draumar og forspár. Sótt 2018 af http://islendingasogur.is/?page_id=74

Forspár felast meðal annars í
orðum viturra manna og orðum gamals fólks
draumum
sýnum í draumi eða vöku
Yfirnáttúrulegum fyrirbærum|

1. Nefnið dæmi um forspár, fyrirboða og drauma í köflum 125-134. Hvaða áhrif hafa þessi dæmi á frásögnina og framvindu sögunnar?
2. Endursegið draum Flosa. Hvernig túlkaði Ketill drauminn? (k. 133)

Svona fer tíminn fram:

1. Upplýsingaspjöld – einstaklingar
2. Sérfræðihópar – samvinna
3. Skapandi verkefni – samvinna





Það sem þarf að laga

- Við þurfum að endurskoða verkefnin úr sögunni enn frekar og útfæra
 - svo þau henti betur getustigi
 - þannig að þau kalli á meiri samvinnu



Það sem gekk vel

- Nemendur kafa vel í þá kafla sem undir eru hverju sinni.
- Stunda námið yfirleitt vel allan tímann (vel tímastýrð verkefni).
- Þurfa að vinna með nemendum sem þeir þekkja ekki endilega vel þar sem hver og einn nýtir sína styrkleika.





Viðhorf nemenda

„[mér fannst] hópavinnan ekki hjálpa mér mikið og vera óþægilega uppsett. Það gat verið erfitt að skilja hvað átti að gera í hvert sinn og finnst mér [kennarinn] geta bætt hana því ég tel hópavinnu mjög mikilvæga til að öðlast frekari skilning á námsefninu því þá fær maður að heyra skoðanir samnemenda sinna.“

„Mér finnst ég hafa lært mikið um samvinnu og að drífa sig áfram þótt verkefnið sé erfitt.“

„Mér líkaði mest við samvinnunámið þar sem ég hef aldrei verið góð í að vinna með öðrum og ég næ að þjálfja sjálfa mig til þess að tala fyrir framan aðra.“



Frumkvæðiskvarðinn og samvinnunámið

- Í frumkvæði felst m.a. að nemendur hafi tækifæri að „setja svip sinn á verkefni sín, vinnubrögð og framvindu námsins, svo sem með því að tjá hugmyndir sínar í ræðu og riti eða fást, einir eða í hópi, við bókleg eða verkleg verkefni, sem ekki hafa eina fyrir fram þekkta lausn“. (Gerður G. Óskarsdóttir, 2018).




	Fyrsta frumkvæðisþrep Kennarastýring	Annað frumkvæðisþrep Kennari / nemendur	Þriðja frumkvæðisþrep Nemendastýring
Kennsluhættir	<i>Engir eða nánast engir möguleikar nemenda til frumkvæðis, engin sjálfstýring – ein ákveðin þekkt lausn</i>	<i>Kostur á eða ætlast til einhvers konar frumkvæðis nemenda – val milli þekktra lausna</i>	<i>Frumkvæði og sköpun nemenda ráðandi og þeir stýrandi við lausn viðfangsefna – engin þekkt lausn</i>
a) Hópkennsla	Nemandi hlustar, horfir, tekur við upplýsingum.	Nemandi tekur einhvern þátt.	Nemandi leggur til, tjáir sig, hefur frumkvæði og er skapandi.
b) Einstaklings- verkefni	Nemanda ætlað að finna ákveðna, þekkta lausn.	Nemandi hefur val um fleiri en eina, þekkta, mögulega lausn.	Engin þekkt lausn liggur fyrir, ætlast til frumkvæðis og sköpunar.
c) Hóp- eða paraverkefni	Hópur finnur saman þekkta lausn.	Hópur velur úr þekktum, fyrirbyggjandi lausnum: Þurfa að sýna nokkurt frumkvæði.	Samvinna í hópi, engin þekkt lausn liggur fyrir.



Samvinnunámið og frumkvæði

- Kennarastýrt að því leyti að nemendur fylgja fyrirmælum kennara
- Leita að ákveðnum lausnum en geta farið ólíkar leiðir að þeim
- Smám saman verður námið mun nemendastýrðara og nemendur hafa meira að segja um úrlausnir sínar.
- Lýkur alltaf með skapandi verkefni sem ekki hefur fyrirfram þekkta lausn.





MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Takk fyrir!



Heimildir

- Gerður G. Óskarsdóttir. (2018). Frumkvæði nemenda: Innlit í kennslustundir níu framhaldsskóla. *Framhaldsskólinn í brennidepli. Netla, vef tímarit um uppeldi og menntun: sérrit*. Sótt af: http://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/06.pdf
- Guðrún Pétursdóttir. (1999). *Fjölmenningarleg kennsla: forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*. Reykjavík.
- Hattie, J. og Clarke, S. (2019). *Visible Learning - Feedback*. London og New York, Routledge.